FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á

Fimmtudagur 7. september 2017 | 31. tbl. 15. árg. Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Palace
Chinese Cuisine
sími 5556999
Reykjavíkurvegi 68

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

Jón Arilíus
KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

Litla Gæludýrabúðin
Fullkomið Hundabað
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Tónlistarskólinn þarf að nýta Skattstofuhúsið

Vegna rakaskemmda í Tónkvísl - Vantaði loftun í þaki

Leigja þarf húsnæði í tómu húsnæði Skattstofunnar undir starfsemi Tónlistarskólans sem verið hefur í Tónkvísl við gamla Lækjarskóla. Þar komu í ljós skemmdir í þaki vegna raka sem kom til vegna þess að loftun í þak vantaði. Var þá fjarlægtð öll korkeinangrun í þaki og þarf að endurnýja alla einangrun, útbúa loftun og klæða öll loft að nýju. Ekki er óvarlegt að ætla að þetta taki ekki skemur en tvo mánuði.

Húsnæðið við Suðurgötu er eitt dæmið um yfirgefin húsnæði ríkisins í Hafnarfirði eftir brottför St. Jósefsspítala, Skattstofunnar og Sýslumanns.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Þrátt fyrir loftunarleysi er þakklæðning víða í fínu lagi.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Hér var áður handavinna og leikfimi stunduð í Lækjarskóla.

A
-stöðin
TAXI
Hafnfirska leigubílastöðin
520 1212

ÁLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

ÁLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Kvistavellir 44

Laus við kaupsamning.
Glæsileg 92,6 m² 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með góðu útsýni.
Verð 37,9 millj. kr.

Bjarkavellir 1C

„LAUS STRAX"
Nýleg (Byggt 2016) 64,0 fm 2ja til 3ja herbergja íbúð á 3. hæð (efstu) með sérinngang af svölum.
Verð 34,9 millj. kr.

Burknavellir 17B

84,6 m² 3ja herbergja íbúð á 4. hæð (efstu) með góðu útsýni.
Sér stæði í bílgeymslu.
Verð 38,3 millj. kr.

ÁS
FASTEIGNASALA
Stofnuð 1988

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2016

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:** Íslandspóstur
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn

Kári Stefánsson æsir múginn heldur betur með pistli sínum um myglu í Fréttablaðinu í vikunni. Vísindalegur rökstuddur prakkaraskapur sem þegar hefur espað upp sérfræðinga sem hafa séð drauga. En Kári sér enga drauga og finnur engin læknisfræðilega rök fyrir öllum veikindum Íslendinga sem þjáðst hafa skyndilega af myglu.

Reyndar hefur mér alltaf fundist undarlegt að Íslendingar fyrri alda hafi lifað af veruna í lélegu húsnæði þar sem raki var tíður gestur. En við höfum jú lært að byggja hús og því ættu skilyrðin að vera miklu betri í dag.

Núna tipla tæknimenn Hafnarfjarðarbæjar á tánum og vonast eftir að undirritaður rekist ekki á myglublettina sem þeir hafa verið að hreinsa m.a. í leikskólum bæjarins. Hvað þeir hræðast verða þeir einir að upplýsa og en kannski má horfa á viðbrögð sem þegar hafa orðið við mygluðu húsnæði.

Okkar fínu hús eru orðin svo vel einangruð og þétt að ekkert loft sleppur út eða inn nema með okkar leyfi og aðgerðum. Þó eldamennska hafi farið minnkandi og fiskinum rétt dýft í heitt vatn þá virðast íslenskar íbúðir fyllast af raka enda lifir enginn af nema að fara í heita sturtu á hverjum degi. Á árum áður suðu konurnar fiskinn, suðu þvottinn, lögðu í bleyti, bökuðu og skúruðu gólf með vatni og sápu. En líður í amstri dagsins var að galopna út og lofta á hverjum degi. Þess á milli blés jafnvel inn um glugga og hurðir.

Það sem skýrir rakann í íbúðunum svarar ekki spurningum Kára um vísindalegar sannanir fyrir veikindum vegna myglu. Það væri verra ef grein hans yrði til að eyðileggja hinn mikla mygluiðnað sem farinn er af stað. Það sem ekki hefur verið sannað getur alveg verið rétt!

Fúi er þekkt vandamál í íslenskum timburhúsum, nokkuð sem auðveldlega hefur verið hægt að laga en nú kemur mygla sem ekkert drepur. Þurfum við ekki hjálp Kára og félaga í Íslenskri erfðagreiningu?

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar
sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Sunnudagur 10. september

Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Stund fyrir börn og fullorðna.

TTT, Tíu Til Tólf ára starf, hefst 14. september

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Sunnudaginn 10. september

Tónlistar-guðsþjónusta kl. 11

Hjónin og tónlistarfólkið
Jóhanna Guðrún og Davíð
flytja ljúfa og fallega tónlist

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt, fræðandi og fjörug dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Hressing eftir guðsþjónustu.

www.vidistadakirkja.is

Sunnudagur 10. september:

Sunnudagaskólinn kl. 11
Guðsþjónusta kl. 13

Foreldramorgnar
á miðvikudögum.

Söngstarf fyrir börn á aldrinum 2-8 ára.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 10. september

Messa kl. 11 og sunnudagaskóli

ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ
fyrir útlendinga og nýbúa
á miðvikudögum og fimmtudögum
kl. 19:30-21:00 - hefst 13. september.

Starf eldri borgara
á miðvikudaginn kl. 13.30
Gísli Einarsson fréttamaður
segir skemmtisögur.

Björn fékk Rauða jakkann

Á föstudaginn í sunnan blæ og fimmtán stiga hita gengu 77 þátttakendur til leiks í hinu árlega golfmóti Hauka á iðagrænum Hvaleyrarvelli. Mótið var hið 28. en það var fyrst haldið 1989. Björn Þorfinnsson sigraði í punktakeppninni og hlaut hinn eftirsótta Rauða jakka. Sigurður Aðalsteinsson var sigursæll, sigraði í höggleik án forgjafar og fékk Haukakönnuna en hann varð einnig Öldungameistari Hauka og fékk farandgrip í minningu Ólafs H. Ólafssonar.

Björn Þorfinnsson með þeim Lúðvíki Geirssyni og Guðmundi Friðrik Sigurðssyni

Sigurður Aðalsteinsson með þeim Bjarna Hafsteini Geirssyni og Guðmundi Friðrik.

ÁRSKORT
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
Á AÐEINS 35.990 KR. (Eingreiðsla)

Það gera aðeins **2.999 kr.** á mánuði.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 26. SEPTEMBER 2017

Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með þjálfara.
Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort 24.990

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.
67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

Bjóðum upp á nýjan, stóran, glæsilegan lóðasal

GYM heilsa

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Suðurbæjarlaug og einnig í sund í Ásvallalaug. Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080
www.gymheilsa.is

Snyrtimennska þökkuð

Golfarar og eldri skátar með snyrtilegustu lóðir félagasamtaka í bænum

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar veitti annað árið í röð viðurkenningar til lóðarhafa fyrir snyrtimennsku. Komu þær til eftir að fegrunarnefnd bæjarins hafði verið lögð niður.

Í fyrra voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegustu og fallegustu garðana, snyrtilegustu fjölbýlishúsalóðina, snyrtilegustu fyrirækjalóðirnar og fallegustu götuna.

Í ár voru veittar 9 viðurkenningar en alls bárust 18 ábendingar frá almenningi en kallað hafði verið eftir því m.a. á Facebook.

Viðurkenningarnar voru afhentar hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar í Höfðaskógi og voru verðlaunahafar leystir út með trjáplöntugjöf. Helga Ingólfsdóttir bæjarfulltrúi og Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt hjá Hafnarfjarðarbæ afhentu viðurkenningarnar.

Ljósmynd: Fjarðarfréttir - Ingi Tómasson

Hópurinn sem tók við snyrtimennskuviðkurkenningunum.

LINDARBERG 82

„Mjög fallegur og snyrtilegur garður með gott úrval plantna. Eigandinn hefur þor og seiglu til að prufa nýjar og framandi tegundir og gefst ekki upp þótt móti blási heldur skiptir út og prufar eitthvað nýtt ef annað virkar ekki. Hér eru greinilega eigendur sem hafa áhuga á garðrækt.“ Hildur Ómarsdóttir og Pétur Pétursson tóku við viðurkenningunni.

Ljósm.: Guðni Gíslason

FJÓLUHLÍÐ 12

„Hér eru garðáhugamenn á ferð, nokkur fjölbreytni í gróðri og búin að merkja fjölæringana sérstaklega í garðinum sem var skemmtilegt. Rúmgóðir pallar og snyrtimennska.“ Birna Guðmundsdóttir og Pétur Pétur Joensen.

Ljósm.: Guðni Gíslason

LÆKJARGATA 12B

„Frábær garður og á sannarlega skilið viðurkenningu. Einstaklega fagur með mikla fjölbreytni í gróðri þar sem hugað er að hverju smáatriði. Frábært hvernig Hamarinn fær notið sín í þessum garði. Hér er mikill gróðuráhugi á ferð ásamt góðu viðhaldi. Þessi er sá flottasti!“ Eigendur eru Ida Sveinsdóttir og Ríkharður Kristjánsson. Íris dóttir þeirra tók við.

Ljósm.: Guðni Gíslason

ÖLDUGATA 6

„Mjög skemmtilegur bakgarður, ævintýragarður með allskonar dúllerí haganlega fyrir komið. Útigrill, heitur pottur, rósabeð og skemmtilegt port þegar að húsi er komið þar sem maður getur fengið sér sæti og notið garðsins ef íbúar eru lengi að koma til dyra eða ekki heima.“ Egill Strange og Sveinbjörg Bergsdóttir.

Ljósm.: Guðni Gíslason

HAFRAVELLIR 5

„Mjög snyrtilegur og fallegur garður á Völlunum þar sem hraunið hefur fengið að njóta sín. Snyrtimennska og fjölbreytni í gróðri.“ Eiður Arnar Pálmason og Bryndís Hulda Ríkharðdóttir.

Ljósm.: Guðni Gíslason

ÖLDUSLÓÐ 9

„Mjög snyrtilegur garður í grónu hverfi, hér hefur verið tekið rækilega í gegn og heildarmyndin er sannarlega falleg og garðurinn er samræmi við stíl hússins og þess tíma sem húsið var byggt.“ Dagný Thorarensen og Steinþór Hlöðversson.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Ljósm.: Guðni Gíslason

SNYRTILEGASTA FJÖLBÝLISHÚASLÓÐIN HRAUNVANGUR 1-3

„Mjög fallegar og snyrtilegar lóðir þar sem hraunið fær notið sín. Aðgengi er gott og notendavænt fyrir íbúa, góðar gönguleiðir og rými til að setjast niður og njóta sólar og útsýnis.“ Hálfdán Henrýsson formaður Sjómannadagsráðs tók við viðurkenningunni.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Evrópuleikur á laugardag í Kaplakrika

FH í góðum málum gegn hinu fornfræga liði Dukla Prag

Karlalið FH í handknattleik gerði góða ferð til Tékklands um liðna helgi en þá mætti liðið hinu fornfræga liði Dukla frá Prag.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem FH leikur við liðið en liðin mættust í Evrópubikarkeppni árið 1966 en þá voru liðsmenn Dukla kjarninn í tékkneska landsliðinu en Dukla átti þá enn lengri sögu sem knattspyrnulið í Tékkóslóvakíu. Þá sigraði Dukla FH í fyrri leiknum í Laugardalshöll með 20 mörkum gegn 15 og í seinni leiknum í Prag með 23 mörkum gegn 16.

En tímarnir hafa breyst og Dukla ekki lengur það sterka lið sem það var.

FH var yfir nær allan tímann og leiddi með einu marki í hálfleik. Í síðari hálfleik komst FH í 9 marka forystu áður en heimamenn klóruðu í bakkann og náðu að minnka muninn niður í 3 mörk í leikslok. FH sigraði í leiknum 30-27 og stendur því vel að vígi fyrir seinni leik liðanna í Evrópukeppninni í handknattleik en leikið verður í Kaplakrika kl. 17 á laugardag.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Óðinn Þór Ríkharðsson skoraði 9 mörk.

SNYRTILEGUSTU LÓÐIR FÉLAGASAMTAKA GOLFKLÚBBURINN KEILIR

„Virkilega falleg og snyrtileg aðkoma með velhirtum gróðurbeðum og almennri snyrtimennsku. Hér hefur verið lagt mikið uppúr að hirða græn svæði umhverfis húsið vel og leyfa náttúrunni að njóta sín samhliða. Fjölbreytni í gróðri. Almennt er allur völlurinn vel hirtur og til mikillar fyrirmyndar.“ Arnar Borgar Atlason formaður og Sveinn Sigurbergsson varaformaður tóku við viðurkenningunni.

Ljósm.: Guðni Gíslason

ST. GEORGSGILDIÐ Í HAFNARFIRÐI, SKÁTALUNDUR VIÐ HVALEYRARVATN

„Mikil snyrtimennska og alúð lögð við skálann og umhverfi hans. Skemmtilegar leikjaflatir i skóginum og yndislegt útsýni yfir Hvaleyrarvatn. Þarna er allt á sínum stað.“ Guðni Gíslason gildismeistari og Sigurður Baldvinsson skálanefndarmaður tóku við viðurkenningunni.

Ljósm.: Guðni Gíslason

SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu

Nytjamarkaður að Eyrartröð 5.
Föstudaga, laugardaga og sunnudaga.
Opið kl. 13-18

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.
Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir

Smelltu á LIKE

og skoðaðu myndir á Facebook síðu Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT
Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

9. sept. kl. 14, Fjarðarbyggð
Leiknir F. - Haukar, *1. deild karla*

10. sept. kl. 17, Kaplakriki
FH - Grindavík, *úrvalsdeild karla*

ÚRSLIT KVENNA:
FH - Grindavík: (miðv.dag)
Valur - Haukar: (miðv.dag)
Stjarnan - FH: 2-0
Haukar - Fylkir: 1-2

ÚRSLIT KARLA:
FH - KR: 0-1
Haukar - Leiknir R.: 5-3

Handbolti:

9. sept. kl. 17, Kaplakriki
FH - Dukla Prag, *Evrópukeppni karla*

11. sept. kl. 18, Ásvellir
Haukar - ÍR, *úrvalsdeild karla*

11. sept. kl. 20, Ásvellir
Haukar - Valur, *úrvalsdeild kvenna*

ÚRSLIT KARLA:
Dukla Prag - FH: 27-30

Nýjungar í starfi Siglingaklúbbsins Þyts

Býður upp á æfingar fyrir áhugasama 7-9 ára siglara í vetur í fyrsta sinn

Siglingaklúbburinn Þytur býður nú í fyrsta skipti upp á kennslu og æfingar fyrir áhugasama 7-9 ára siglara kl. 10 á laugardögum í vetur.

Á æfingum verður unnið með hugtökin vináttu, samvinnu, hjálpsemi, einbeitingu, sjálfsaga, félagsþroska og verkhyggni í gegnum leiki, hreyfingu, róður og siglingar. Samhliða verða innlögð mikilvæg þekkingaratriði er varða róður og kænusiglingar. Námskeiðin eru í aðstöðu Þyts að Strandgötu 88 og úti á sjó á róðrabátum, kajökum, seglkænum og gæslubátum Þyts, þegar veður leyfir. Stefnt er að því að fara eina tveggja tíma ferð á hvoru tímabili út með Álftanesi.

Umsjónarmaður verður Pétur Th. Pétursson formaður Þyts ásamt Rebeccu Lord siglingakennara en félagar í keppnishóp Þyts aðstoða. Krafa er um að foreldri sé félagi og taki þátt í starfinu eftir því sem tök eru á og njóti þannig samvista með barni sínu.

FJÖLSKYLDAN MEÐ

Innifalið í félagsgjaldi forráðamanns er félagsaðild maka og barna 17 ára og yngri. Veitir það fjölskyldunni afnotarétt að bátum félagsins sem fjölskyldumeðlimur hefur kunnáttu (réttingindi) til að nota og barninu aðgang að bátum sem það kann að meðhöndla, eftir laugardagstímana.

Ljósm.: Guðni Gíslason

ÝMSIR ÆFINGATÍMAR ERU Í BOÐI HJÁ ÞYT

- Kennslu- og æfingatímar fyrir byrjendur á seglkænum 10-16 ára verða á laugardögum kl. 13.
- Æfingatímar með þjálfara fyrir keppnishópa á seglbátum
- Æfingartímar fyrir lengra komna sem vilja þjálfa hæfni sína í gegnum keppnisstarf hjá Þyt verður á þriðjudögum kl. 17. Þjálfari: Rebecca Lord.
- Kennslu- og æfingatímar fyrir byrjendur 17 ára og eldri
- Kennslu- og æfingatímar fyrir byrjendur 17 ára og eldri á seglkænu og kjölbát verða á fimmtudögum kl.17. Kennari er Rebecca Lord.

FRJÁLSIR ÆFINGATÍMAR.

Félagar í Þyt 18 ára og eldri geta komið og æft sig úti á sjó þegar verður leyfir á bátum klúbbsins sem þeir hafa lært á, og félagar 17 ára og yngri þegar hægt er að manna gæslubát með hæfum skipstjóra.

Pétur Th. Pétursson og fólk hans í Þyt vill að fólk hjálpist að við að gera Hafnarfjörð að „siglingabænum í hrauninu“.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Þyts, www.sailing.is

Listdansskólinn á tímamótum

Sirkusnámskeið, pabbavika, djass og söngleikjanámskeið

Listdansskóli Hafnafjarðar hefur verið starfandi í Hafnarfirði síðastliðin 23 ár við góðan orðstír. Skólinn hefur frá árinu 2013 verið til húsa í Bæjarhrauni 2. „Í ársbyrjun 2018 mun skólinn flytja í nýtt húsnæði sem verður tilkynnt síðar!“ segir Eva Rós Guðmundsdóttir skólastjóri. „Við skólann dansa um 420 nemendur á aldrinum 2ja til 50 ára og boðið er upp á glæsilegar vor- og jólasýningar.“

Í haust er boðið uppá fjölbreytt námskeið fyrir ýmsa aldurshópa, klassíska ballett, djass, nútímadans, silki, hip hop, barnadansa, sirkusnámskeið, söngleikjadans, þrek og teygjur, stimulastik og barnaglans.

Á laugardögum í vetur mun Hugarfrelsi halda námskeið í Listdansskólanum fyrir káta krakka á aldrinum 7-12 ára. Hvetur Eva Rós fólk til þess að kynna sér flottu starfsemina hjá www.hugarfrelsi.is.

Sirkusnámskeið

Spennandi nýtt sirkusnámskeið fyrir krakka, 6 ára og eldri, hefst í haust! Á sirkusnámskeiði Húlladúllunar munu

Ljósm.: Guðni Gíslason

Eva Rós Guðmundsdóttir skólastjóri Listdansskóla Hafnarfjarðar

þátttakendur læra grunnatriði hinna ýmsu sirkuslista og vinna saman á skapandi máta við atriðagerð.

„Barnaglans“ og „stimulastik“

Stimulastik er námskeið fyrir börn frá 2 mánaða aldri. Á námskeiðinu er verið að hafa áhrif á skynfærin að þau vinni jafnt saman þ.e. jafnvægi, snertiskyn og stöðuskyn. Foreldrar læra æfingar/leiki samt hægt er að gera heima.

Barnaglans er fyrir börn á aldrinum 12- 24 mánaða þar sem farið er í leiki, dansað og gerðar ýmsar skemmtilegar hreyfingar í gegnum söng og tónlist sem hjálpar barninu við að ná góðu jafnvægi, stöðu- og snertiskyni. Markmiðið er að barnið verði öruggt og geti tekið þátt í áframhaldandi námskeiðum.

Pabbavika

Á hverju hausti fá foreldrar tækifæri til þess að koma og horfa á tíma hjá nemendum. Í fyrra var pabbavika og á að endurtaka leikinn í haust! Pabbarnir komu í heimsókn og dönsuðu með nemendum. Þetta vakti mikla lukku, bæði hjá nemendum og kennurum.

„Á þessu skólaári munum við hvetja nemendur á aldrinum 12 ára og eldri til að stofna nemendaráð sem mun skipuleggja skemmtilega viðburði á haustönn!“ segir Eva Rós. „Fyrir yngstu nemendurna munum við vera með bangsa- og dúkkuviku þar sem að nemendur fá að koma með uppáhalds bangsa eða dúkku í danstímann.“

Allar upplýsingar og dagskrá má finna á heimasíðu skólans www.listdansskoli.is eða í síma 894 0577. Skráning er hafin!

Gera hljóðmanir

Nýta efni og gera hljóðmanir við Reykjanesbraut

Ljósm.: Guðni Gíslason

Þó ekki sé komið á dagskrá hvenær Reykjanesbraut verður tvöfölduð frá kirkjugarði og suður fyrir Straumsvík er verið að vinna við gerð hljóðmana meðfram Reykjanesbraut ofan Hvamma. Er verið að nýta efni úr framkvæmdum við gerð mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg.

Gert hefur verið ráð fyrir að Reykjanesbraut ætti að grafast eitthvað niður þar sem hún er hæst en ekki náðist að fá nánari skýringar á framkvæmdunum.

Íbúar í Áslandi hafa reyndar áhyggjur af að vatnsmyndun verði á ný við undirgöngin ofan göngubrúarinnar eftir þessar uppfyllingar.

Passamyndir

fyrir öll persónuskilríki

Vegabréf, vísa-áritanir, ökuskírteini,
bankakort, ferilskrár
og vinnustaðaskírteini.

Pantaðu tíma í síma: 699-6393.

Stúdíó Dís
Fornubúðir 8
220 Hafnarfjörður
www.studiodis.is

STÚDÍÓ DÍS
LJÓSMYNDUN

Kór fyrir eldri borgara

Æfingar hefjast á miðvikudaginn kl. 16

Gaflarakórinn, kór eldri borgara í Hafnarfirði verður með fyrstu æfingu haustsins miðvikudaginn 13. september kl. 16 í Hraunseli, Flatahrauni. Kórstjóri er Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir og formaður kórsins er Kristbjörg Jónsdóttir. Segja þær verkefnin alltaf skemmtileg og ekki spilli félagsskapurinn. Kórinn hefur starfað í rúmlega 20 ár og hefur tekið þátt í fjölmörgum kóramótum, farið í söngferðir út á land og síðast en ekki síst glatt íbúa Hafnarfjarðar með söng sínum. Æft er á miðvikudögum kl. 16-18 og á mánudagsmorgnum kl. 11 eru raddæfingar, einu sinni í mánuði fyrir hverja rödd. „Ekki láta þetta tækifæri fara fram hjá þér. Mættu á næstu æfingu og athugaðu hvort þetta er ekki eitthvað fyrir þig.“

SJÚKRAÞJÁLFARINN HEILSURÆKT

Tækjasalur

Bjartur og vel búinn tækjasalur

Hóppjálfun fyrir hjarta- og lungnasjúklinga

Fjölbreytt þjálfun fyrir hjarta- og lungnasjúklinga,
eftirlit og fræðsla (hefst 11. september).

Heilsueflandi þjálfun eldri borgara

Hóppjálfun fyrir eldri borgara.
Fjölbreyttar styrkjandi, þolaukandi og jafnvægismiðaðar
æfingar undir leiðsögn tveggja sjúkraþjálfara.

Vatnsleikfimi

Almenn þol- og styrktarmiðuð þjálfun í vatni.
Hentar öllum getustigum.

Slitgigtarskólinn

Vandað 8 vikna námskeið fyrir fólk með slitgigt í hnjám eða mjöðmum. Markmiðið er að draga úr einkennum slitgigtar og auka lífsgæði með fræðslu og markvissri þjálfun.

Jafnvægisþjálfun

Hóppjálfun fyrir einstaklinga sem glíma
við jafnvægistruflanir.

Bakleikfimi

Áhersla verður lögð á styrktar og stöðguleikaþjálfun,
fyrir fólk með bakvandamál.
Tímarnir verða kl. 15-16 alla þriðjudaga, hefjast 19. sept.
Kennarar: Hulda og Alma sjúkraþjálfarar.

Vetraropnun: mándaga - föstudaga kl. 8 - 19
tekur gildi 15. sept. laugardaga kl. 9 - 12

Skráning og nánari upplýsingar í síma 555 4449

SJÚKRAÞJÁLFARINN
Strandgata 75
220 Hafnarfjörður
www.sjukrathjalfarinn.is

www.facebook.com/sjukrathjalfarinn

© Fjarðarfréttir 201709

Ljósm.: Vignir Guðnason

Haukar á mikilli siglingu

Eru í fjórða sætinu í I. deildinni í knattspyrnu þegar þrír leikir eru eftir

Karlalið Hauka í knattspyrnu fór rólega af stað í 1. deildinni í vor en hefur heldur betur tekið sig á og er nú í fjórða sæti eftir 5-3 sigur á Leikni R. þegar þrjár umferðir eru eftir með 33 stig eins og HK en með betri markatölu.

HAFA EKKI TAPAÐ HEIMALEIK

Keflavík trónir á toppnum með 40 stig, Fylkir er með 39 stig og Þróttur R. með 36. Á eftir Haukum og HK kemur Þór með 30 stig og Leiknir með 29 stig svo staðan getur breyst mikið. Haukar eiga einn heimaleik eftir gegn Fylki 16. september en útileiki gegn botnliðinu Leikni F. á laugardaginn og gegn Selfossi í lokaumferðinni 23. september.

Ljósm.: Vignir Guðnason

Haukar hafa ekki tapað heimaleik í sumar, unnið sjö og gert 3 jafntefli.

Hins vegar hafa þeir aðeins unnið tvo útileiki og gert tvö jafntefli svo nú er komið að því þeir breyti því. Haukar unnu Leikni F. í fyrri leiknum 5-0 og Selfoss 2-1 en töpuðu fyrir Fylki 2-0.

Það verður því hörku heimaleikur gegn Fylki 16. september þar sem Haukastrákarnir munu leggja allan metnað sinn í að sigra.

Komdu að sigla

ÞYTUR

Haustdagskrá Siglingaklúbbsins Þyts er komin á vef okkar www.Sailing.is

Kennslu- og æfingatímar fyrir siglara 7-9 ára (foreldrar koma með)
Laugardaga kl.10 – Námskeiðsgjald er niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

Kennslu- og æfingatímar fyrir kænusiglara 10 -16 ára (ætlaðir byrjendum)
Laugardaga kl. 13 – Námskeiðsgjald er niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

Æfingatímar með þjálfara fyrir keppnishóp á seglbátum
Þriðjudaga kl. 17 – Þjálfunargjald er niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

Kennslu- og æfingatímar fyrir kænu- og kjölbátasiglara 17 ára og eldri
Fimmtudaga kl. 17 – Ætlað byrjendum í siglingum. Námskeiðsgjald

Dagskráin gildir fyrir september, október og nóvember 2017.
Kennsla og æfingar verða í og frá aðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts, Strandgötu 88

Skráning er hafin í gegnum vefinn www.sailing.is og í síma 555 3422